| | Heiti reglugerðar | Ákvæði | Núverandi orðalag | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). | 6. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Ákvæðið fellur brott. |
| 2. | Reglugerð um þvotta- og hreinsiefni | 4. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Ákvæði 2. málsl. 4. gr. fellur brott. |
| 3. | Reglugerð um efni sem valda rýrnun ósonlagsins | 9. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Ákvæði 2. málsl. 9. gr. fellur brott. |
| 4. | Reglugerð um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna | 1. mgr. 4. gr. | Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. | Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. |
| | | 3. mgr. 6. gr. | Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að eigandi færi bifreið sína til bifreiðarskoðunar og sýni fram á að magn mengunar sé innan marka. | Ákvæðið fellur brott. |
| 5. | Reglugerð um stjórn vatnamála | 5. gr. | Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. | Orðin "og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga" og "í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga" falla brott |

| | | |
|---|---|---|
| 6. gr. | Umhverfisstofnun skipar fulltrúa í vatnasvæðanefnd og skal óska eftir tilnefningum í hana frá sveitarfélögum, heilbrigðisnefndum á viðkomandi vatnasvæði og ráðgjafarnefndum. Umhverfisstofnun skipar fulltrúa í vatnasvæðanefnd og skal óska eftir tilnefningum í hana frá sveitarfélögum, heilbrigðisnefndum á viðkomandi vatnasvæði og ráðgjafarnefndum. | Orðin "heilbrigðisnefndum" og "einn fulltrúa frá hverri heilbrigðisnefnd sveitarfélaga á svæðinu" falla brott. |
| 7. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitafélaga skulu eiga fulltrúa í ráðgjafanefnd fagstofnana. | Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu m.a. eiga sæti fulltrúar frá Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Stofnun atvinnuveganna, Land og skógi, Náttúrufræðistofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Ísor og náttúrustofum. |
| 8. gr. | Stofnanir samkvæmt þessari grein skulu, eftir því sem við á, leita til annarra aðila, svo sem heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, til að afla gagna. | Orðin "svo sem heilbrigðisnefnda sveitarfélaga" falla brott. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6. | Reglugerð um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess | 3. mgr. 10. gr. | Kostnaður vegna verks ef framkvæmd er vanrækt, greidd til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd sem fer með eftirlit. | Orðin "eða hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit“ falla brott |
| 7. | Reglugerð um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti | 7. mgr. 3. gr. | Eftirlitsaðilar eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun, svo og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari. | Eftirlitsaðilar eru Umhverfis- og orkustofnun og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. |
| | | 4. gr. | Heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. | *Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar*<br>Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. |
| | | 2. mgr. 8. gr. | Umhverfisstofnun og eftir því sem við á heilbrigðisnefnd skulu reglulega kynna almenningi og hlutaðeigandi samtökum nýjustu upplýsingar um styrk ákveðna efna í andrúmsloft. | Í stað orðanna „og eftir því sem við á hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd skulu“ kemur skal. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 9. gr. | Heilbrigðisnefndum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælingu á umhverfisgæðum til Umhverfisstofnunar. | Sveitarstjórnum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælingu á umhverfisgæðum til Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar, séu slíkar mælingar framkvæmdar á vegum sveitarfélagsins. |
| 8. | Reglugerð um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörum | 13. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla efnalaga nr. 61/2013. |
| 9. | Reglugerð um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti | 3. mgr. 4. gr. | Fallrykssýnum skal safnað þar sem þörf er talin á af hálfu hollusuverndar ríkisins, heilbrigðisnefnda eða framkvæmdaraðila. | Fallrykssýnum skal safnað þar sem þörf er talin á af hálfu Umhverfis- og orkustofnunar eða framkvæmdaraðila. |
| 10. | Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir | 1. mgr. 8. gr. | Ennfremur skal við gerð aðgerðaáætlunar haft samráð við heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði. | Ennfremur skal við gerð aðgerðaáætlunar haft samráð við Umhverfis- og orkustofnun á viðkomandi svæði. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11. | Reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum | 4. mgr. 7. gr. | Hafnaryfirvöld skulu fyrir 1. mars ár hvert senda Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum viðkomandi sveitarfélaga samantekt á þeim tilkynningum um úrgang og farmleifar sem þeim hafa borist árið á undan og yfirlit yfir magn og tegund þess úrgangs sem skilað hefur verið. | Orðin "og heilbrigðisnefnd" falla brott. |
| | | 2. mgr. 12. gr. | Hafnaryfirvöld skulu fyrir 1. mars ár hvert senda Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum viðkomandi sveitarfélaga samantekt á þeim tilkynningum um úrgang og farmleifar sem þeim hafa borist árið á undan og yfirlit yfir magn og tegund þess úrgangs sem skilað hefur verið. | Orðin "og heilbrigðisnefnd" falla brott. |
| 12. | Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu | 6. gr. | Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndun þess svæðis sem reglugerðin nær til og eftirlit með framkvæmdum á svæðinu. | Náttúruverndarstofnun. |
| | | 22. gr. | Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir byggingu geyma fyrir eiturefni. | Afla skal leyfis Umhverfis- og orkustofnunar fyrir byggingu geyma fyrir eiturefni. |
| 13. | Reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna | 5. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Ákvæðið fellur brott. |
| 14. | Reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun | 4. gr. | Umhverfisstofnun, í samráði við heilbrigðisnefndir ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar sé framfylgt. | *Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. |
| | | 1. mgr. 7. gr. | Umhverfisstofnun í samvinnu við heilbrigðisnefndir, skal álagsgreina vatnshlot frá íbúðabyggð og starfsleyfisskyldri starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. | Orðin "í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga" falla brott. |
| | | 2. mgr. 7. gr. | Heilbrigðisnefnd skal byggja álagsgreiningu út frá flokkun vatna sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. | Ákvæðið fellur brott. |
| | | 3. mgr. 7. gr. | Umhverfisstofnun skal leita til heilbrigðisnefnda um upplýsingar um álag á vötn sem gert er ráð fyrir í skipulagsáætlunum. | Umhverfis- og orkustofnun skal afla upplýsinga um álag á vötn sem gert er ráð fyrir í skipulagsáætlunum og líklegt er að valdi breytingum á ástandi vatna. |
| | | 1. mgr. 9. gr. | Umhverfisstofnun, í samvinnu við heilbrigðisnefndir skal skilgreina samræmda gæðaþætti og mælanleg viðmið til flokkunar á vistfræðilegu ástandi vatna. | Orðin "heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og aðra" falla brott. |
| 15. | Reglugerð um plöntuverndarvörur | 6. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Ákvæði 2. málsl. 6. gr. Fellur brott. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 16. | Reglugerð um úrvinnslugjald | 1. mgr. 13. gr. | Móttökustöðvar fyrir ökutæki til úrvinnslu þarf að hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd. | Móttökustöðvar fyrir ökutæki til úrvinnslu þarf að hafa starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun. |
| 17. | Reglugerð um endurvinnslu skipa | 4. gr. | Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum. | Umhverfis- og orkustofnun veitir starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum. |
| 18. | Reglugerð um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna | 1. mgr. 16. gr. | Aðilar sem starfa við að eyða meindýrum skulu hafa starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. | Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. Fellur brott. |
| | | 2. mgr. 16. gr. | Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. er ekki krafist starfsleyfis til eyðingar meindýra þegar einstaklingur, sem er handhafi notendaleyfis, starfar við eyðingu meindýra í fyrirtæki með starfsleyfi, þar sem hann er ráðinn sem starfsmaður | Ákvæðið fellur brott. |
| | | 1. mgr. 18. gr. | Aðilar sem starfa við úðun garða í atvinnuskyni skulu hafa starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. | Ákvæði 3. og 4. málsl. Falla brott. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 21. gr. | Ráðherra gefur út til 15 ára í senn almenna aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara sem gildir fyrir landið allt sbr. 34. gr. efnalaga. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að aðgerðaáætluninni og leggur fyrir ráðherra, að höfðu samráði við Matvælastofnun, Landgræðslu ríkisins, Skógræktina, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila eftir því sem við á. | Umhverfis- og orkustofnun vinnur tillögu að aðgerðaáætluninni og leggur fyrir ráðherra, að höfðu samráði við Stofnun atvinnuveganna, Land og skóg, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila eftir því sem við á. |
| | | 29. gr. | Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem nefndin gefur út og/eða hefur eftirlit með á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. | Ákvæði 2. málsl. Fellur brott. |
| | | Viðauki | | Í stað orðsins „Heilbrigðiseftirlit“ í 16. tl. I. og II. viðauka kemur: Eftirlit |
| 19. | Reglugerð um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip | 1. mgr. 1. gr. | Heilbrigðisnefnd, í samráði við Samgöngustofu, hefur heilbrigðiseftirlit með skipum og gefur út sóttvarnavottorð og vottorð um sóttvarnaundanþágu. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 1. mgr. 2. gr. | Ekki er til staðar gild vottorð um sóttvarnavottorð fyrir skip er heilbrigðisnefnd, í samráði við Samgöngustofu, heimilt að skoða skipið og getur í kjölfarið gripið til aðgerða. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 3. gr. | Heilbrigðisnefnd skal senda Samgöngustofu upplýsingar um útgáfu á vottorði um sóttvarnaundanþágu og sóttvarnavottorð - einnig senda sóttvarnalækni, ásamt upplýsingum um gildistíma þeirra. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | Fylgiskjal 1 | | Í stað orðsins „heilbrigðisfulltrúa“ undir kaflanum Sóttvarnavottorð fyrir skip í fylgiskjali 1 kemur: skoðunarmanns. |
| 20. | Reglugerð um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva | 4. mgr. 4. gr. | Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá 2. mgr., að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar. | Ráðherra getur veitt undanþágu frá 2. mgr. Að fenginni umsögn Umhverfis- og orkustofnunar. |
| | | 2. mgr. 5. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að leyfa loftræstingu á flutningsgeymi bensíns. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| | | 4. mgr. 6. gr. | Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá 2. og 3. mgr., að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar. | Ráðherra að fenginni umsögn Umhverfis- og orkustofnunar. |
| | | 5. mgr. 6. gr. | Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá 2. mgr., að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar. | Ráðherra að fenginni umsögn Umhverfis- og orkustofnunar. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 2. mgr. 8. gr. | Hollustuvernd ríkisins skráir aðrar samþykktar ráðstafanir samkvæmt 3., 4. og 6. gr. og undanþágur og leyfi sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari í samræmi við upplýsingar frá viðkomandi heilbrigðisnefndum. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| 21. | Reglugerð um námuúrgangsstaði | 1. mgr. 15. gr. | Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða í umboði stofnunarinnar. | Ákvæðið fellur brott. |
| | | 2. mgr. 16. gr. | Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag. Dagsektir sem Umhverfisstofnun innheimtir skulu renna til ríkissjóðs en dagsektir sem heilbrigðisnefnd innheimtir til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi. | Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag. Dagsektir sem Umhverfis- og orkustofnun innheimtir skulu renna til ríkissjóðs. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfis- og orkustofnun. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 22. | Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda | 10. mgr. 3. gr. | Ráðgjafaraðilar: Þeir aðilar sem geta verið Umhverfisstofnun til ráðgjafar um það hvort grípa eigi til aðgerða vegna bráðamengunar svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnunin, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, ríkislögreglustjóri og Geislavarnir ríkisins. | Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga falla brott. |
| | | 2. mgr. 13. gr. | Hafnarstjóri skal tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og hennar verður vart. | Aðeins tilkynna Umhverfis- og orkustofnun. |
| | | 4. mgr. 13. gr. | Eftir að bráðaaðgerðum lýkur getur hafnarstjóri óskað eftir því að heilbrigðisnefnd hafi umsjón með frekari hreinsun umhverfis. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| | | 1. mgr. 15. gr. | Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með bráðaaðgerðum og ákveður hvenær árangur af hreinsun er nægilegur. | Umhverfis- og orkustofnun, fært í 16. gr. |
| | | 2. mgr. 15. gr. | Ef hafnarstjóri óskað eftir því að heilbrigðisnefndin hafi umsjón með frekari hreinsun umhverfis skal nefndin sjá til þess að hreinsun fari fram. | Umhverfis- og orkustofnun, fært í 16. gr. |
| | | 19. gr. | Komi upp ágreiningur um valdmörk og framkvæmd milli hafnarstjóra og heilbrigðisnefndar sker ráðherra úr í samræmi við ákvæði laga um varnir gegn mengun hafs og stranda | Í stað orðsins "heilbrigðisnefndar" kemur Umhverfis- og orkustofnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 2. mgr. 20. gr. | Umhverfisstofnun getur farið fram á að heilbrigðisnefnd fari á vettvang og meti umfang mengunar og nauðsynlegar aðgerðir. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eða öðrum aðilum í umboði stofnunarinnar umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar. | Fyrri málsliður fellur brott, sem og orðin "heilbrigðisnefnd eða öðrum" í síðari málslið. |
| | | 1. mgr. 21. gr. | Umhverfisstofnun ber að upplýsa viðkomandi heilbrigðisnefnd um aðgerðir og hvenær þeim telst lokið. | Fellur brott. |
| | | 1. mgr. 31. gr. | Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal ráðherra skipa sjö fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa og skal hann vera starfandi heilbrigðisfulltrúi og Siglingastofnun Íslands einn fulltrúa. Þeir sem tilnefna fulltrúa í mengunarvarnaráð skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í ráðinu. | Orðin "og skal hann vera starfandi heilbrigðisfulltrúi" falla brott. |
| 23. | Reglugerð um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera | 3. mgr. 6. gr. | Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð úrgangs og frárennslis. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| 24. | Reglugerð um sæfivörur | 7. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Fellur brott. |
| 25. | Reglugerð um snyrtivörur | 4. gr. | Fyrirtæki sem framleiðir snyrtivörur skal hafa starfsleyfi í gildi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd. | Umhverfis- og orkustofnun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 5. gr. | Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. | Fellur brott. |
| 26. | Reglugerð um kvikasilfur | 2. mgr. 9. gr. | Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með meðhöndlun á úrgangi. | Fellur brott. |
| 27. | Reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings. | 7. mgr. 3. gr. | Eftirlitsaðilar eru viðkomandi heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. | Fellur brott. |
| | | 4. gr. | Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. | *Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.* Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. |
| | | 1. mgr. 13. gr. | Ef styrkur brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs eða ósons fer yfir viðvörunarmörk ber heilbrigðisnefnd að gefa almenningi upplýsingar um það í fjölmiðlum. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| | | 2. mgr. 13. gr. | Heilbrigðisnefndir skulu upplýsa almenning og viðeigandi samtök um styrk ákveðna efna. | Umhverfis- og orkustofnun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 14. gr. | Heilbrigðisnefndum ber að senda upplýsingar um niðurstöður mælinga á umhverfisgæðum til Umhverfisstofnunar. | Sveitarstjórnum ber að senda upplýsingar um niðurstöður mælinga á umhverfisgæðum til Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar, séu slíkar mælingar framkvæmdar á vegum sveitarfélagsins. |
| 28. | Reglugerð um rokgjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja | 5. gr. | Efnavara sem talin er upp í viðauka I og eingöngu er seld til notkunar í stöðvum sem falla undir reglugerð um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi, og hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá heilbrigðisnefnd, er undanþegin ákvæðum 4. gr. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 8. gr. | Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerð. | Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. |
| 29. | Reglugerð um hollustuhætti | 4. tl. 3. gr. | | Eftirlitsaðili er Umhverfis- og orkustofnun<br>Auk þess er nýjum skilgreiningum bætt við. |
| | | 4. gr. | Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar sem og heilbrigðisnefndir eftir því sem við á. | Fellur brott. |

| | | |
|---|---|---|
| 1. mgr. 5. gr. | Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar sem og heilbrigðisnefndir eftir því sem við á. | Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar |
| 2. mgr. 5. gr. | Heilbrigðisnefndum ber að fylgja leiðbeiningum og viðmiðunarreglum sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út. | Fellur brott. |
| 4. mgr. 5. gr. | Umhverfis- og orkustofnun skal skilgreina og birta skrá um þá þætti heilbrigðiseftirlits sem hentar að heilbrigðisnefnd feli faggiltum skoðunaraðilum. | Fellur brott. |
| 1. mgr. 6. gr. | Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um hollnustuhætti. | Ákvæði 6. gr. Fellur brott. |
| 2. mgr. 6. gr. | Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum reglugerðar, vinna að bættu heilbrigðiseftirliti, annast fræðslu fyrir almenning og samþætta framkvæmd reglugerðar við framkvæmd annarra reglugerða á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og umhverfisvöktunar sem henni er falið að framfylgja til að stuðla að heilnæmum lífsskilyrðum og öruggu nærumhverfi. | Ákvæði 6. gr. Fellur brott. |
| 1. mgr. 7. gr. | Rekstraraðili með starfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar skal hafa gilt starfsleyfi útgefið af heilbrigðisnefnd eða staðfesta skráningu eftir því sem við á. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 5. mgr. 7. gr. | Upplýsingar skulu vera sýnilegar þeim sem nota viðkomandi þjónustu sem starfsleyfi tekur til, um að almenningur geti snúið sér til heilbrigðisnefndar ef talið er að starfsemin brjóti gegn lögum eða reglum sem um hana gilda. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 8. gr. | Rekstraraðili starfsemi sem háð er starfsleyfi skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar á því formi sem krafist er áður en starfsemi hefst. Skal rekstraraðili tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn og að henni fylgi þau gögn sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynleg. Umsóknum skulu m.a. fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar, umfangi einstakra rekstrarþátta, fasteignanúmer fasteignar. og staðsetningu. Rekstraraðili skal sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 6. mgr. 9. gr. | Heilbrigðisnefnd skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Starfsleyfi skal fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina og gerð grein fyrir afstöðu heilbrigðisnefndar til athugasemda sem bárust. Heilbrigðisnefndin skal auk þess hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi, umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir, skráningar, og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 10. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| 3. mgr. 10. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi á gildistíma þess vegna breyttra forsendna. | Umhverfis- og orkustofnun. |
| 1. mgr. 11. gr. | Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varða ákvæði starfsleyfis. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 11. gr. | Sé fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, umtalsverð skal heilbrigðisnefnd endurskoða starfsleyfið. Heilbrigðisnefndin metur upplýsingar frá rekstraraðila innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að breyta eða gefa út nýtt starfsleyfi. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 2. mgr. 12. gr. | Starfsemi og athafnir sem falla undir reglugerð skulu háð heilbrigðiseftirliti. Fylgja ber fyrirmælum heilbrigðisnefndar um atriði er varða hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 12. gr. | Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfis- og orkustofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðar. Veiti ráðherra undanþágu samkvæmt þessari grein skal heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 14. gr. | Ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm, hættu vegna eitrana eða annað sem getur ógnað öryggi starfsfólks/viðskiptavina skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Sé þess þörf skal heilbrigðisnefnd tilkynna sóttvarnalækni. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 14. gr. | Sé þvottur þveginn á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 15. gr. | Þeir sem eyða meindýrum skulu að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús gera skýrslu um verkið og senda til heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 16. gr. | Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit í starfsleyfi atvinnureksturs og skal það taka mið af umfangi og eðli starfsemi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3. mgr. 16. gr. | Sé rekstraraðili með virkt innra eftirlit og gæðakerfi skal heilbrigðisnefnd taka tillit til þess við gerð áhættumats fyrir viðkomandi starfsemi. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 3. mgr. 17. gr. | Heilbrigðisnefnd sker úr um hvort húsnæði sé ófullnægjandi eða heilsuspillandi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 5. mgr. 17. gr. | Húsnæði skal í samræmi við eðli starfseminnar fullnægja almennum skilyrðum um rými samkvæmt mati heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 6. mgr. 17. gr. | Á stofnunum þar sem viðkvæmir einstaklingar búa eða dvelja getur heilbrigðisnefnd gert kröfur um hitastýrð blöndunartæki á handlaugar, í steypiböðum og baðkerjum. Þar sem lítil notkun er á neysluvatnskerfum getur heilbrigðisnefnd gert kröfur um reglubundna skolun vatnslagna við tiltekið hitastig til að koma í veg fyrir vöxt örvera. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 8. mgr. 17. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um að í húsnæði sé gert ráð fyrir rými fyrir hjálpartæki og tiltekinn búnað. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3. mgr. 18. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun. | Fellur brott. |
| 2. mgr. 19. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um viðeigandi fjölda salerna í starfsleyfi. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 20. gr. | Sveitarstjórn getur leitað umsagnar heilbrigðisnefndar við ákvörðun á staðsetningu íbúðarhúsnæðis, frístundahúsabyggðar, gistihúsa, starfsmannabúða, starfsmannabústaða og annars sambærilegs húsnæðis. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 21. gr. | Almenningur getur leitað til heilbrigðisnefndar ef leiguhúsnæði eða annað íbúðarhúsnæði er ekki talið fullnægjandi eða húsnæði álitið heilsuspillandi. Í þeim tilvikum getur heilbrigðisnefnd krafist úrbóta af hálfu eiganda húsnæðis innan ákveðins tímafrests. Hafi eigandi húsnæðis ekki gert viðeigandi úrbætur innan frests getur heilbrigðisnefnd bannað afnot af íbúðarhúsnæðinu. Stafi alvarleg hætta af notkun húsnæðisins þannig að aðgerðir þoli enga bið er heilbrigðisnefnd heimilt að banna notkun þess til bráðabirgða þegar í stað. Við ákvörðun heilbrigðisnefndar skal sérstaklega tekið tillit til velferðar barna, sjúklinga og aldraðra. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 23. gr. | Handlaug skal vera í herbergi, heilbrigðisnefnd getur þó veitt rekstraraðila skriflegt leyfi til að hafa handlaug við herbergi þar sem sérstökum vandkvæðum er bundið að hafa hana í herberginu sjálfu. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 24. gr. | Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu, sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 7. mgr. 32. gr. | Heilbrigðisnefnd getur í starfsleyfi gert ítarlegri kröfur vegna smitgátar, svo sem um handfrjálsan búnað við handlaugar í vinnurými. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 8. mgr. 32. gr. | Heilbrigðisnefnd getur í starfsleyfi gert ítarlegri kröfur vegna smitgátar, svo sem um aðstöðu til að skipta um föt. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 42. gr. | Ýmsar breytingar | Fellur brott. |
| 1. mgr. 43. gr. | Aðgangur dýra að tilteknum svæðum, húnæði og almenningssamgöngum er óheimil nema að um það sé sérstaklega getið í reglugerð eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| e. lið 4. mgr. 43. gr. | Eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða að leyfa hunda og ketti inn í veitingasali, tilkynna skal það til heilbrigðisnefndar með sannanlegum hætti. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 6. mgr. 43. gr. | Heilbrigðisnefnd veitt rekstraraðila leyfi til að heimila aðgang dýra að tilteknum svæðum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Heilbrigðisnefnd skal gefa út skriflegt leyfi þar um, þar sem kveðið er á um gildistíma leyfis og þau skilyrði sem leyfið er háð. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 44. gr. | Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar um hollustuhætti og annarra reglugerða settra á grundvelli laganna, auk ákvæða annarra laga eða reglna sem heilbrigðisnefnd er falið að annast um framkvæmd á að því er varðar hollustuhætti. | Fellur brott |

| | | |
|---|---|---|
| 2. mgr. 44. gr. | Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með atvinnurekstri, annarri starfsemi og framkvæmdum auk athafna einstaklinga eftir því sem við á, og tryggja að skilyrðum samkvæmt lögum, reglugerðum, ákvæðum starfsleyfis, starfsskilyrðum og almennum kröfum að því er varðar hollustuhætti sé fullnægt. | Fellur brott. |
| 2.máls. 2. mgr. 44. gr. | Heilbrigðisnefnd gerir áætlanir um eftirlit eftirlitsskyldra aðila á grundvelli eftirlitsáætlana Umhverfis- og orkustofnunar og í samræmi við áhættumat um hollustuhætti. | Fellur brott. |
| 3. mgr. 44. gr. | Heilbrigðisnefnd getur haft eftirlit með starfsemi og athöfnum sem eru hvorki starfsleyfis- né skráningarskyldar í því skyni að kanna hvort starfsemin eða athafnirnar séu í samræmi við reglugerð. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 44. gr. | Heilbrigðisfulltrúi annast eftirlit í umboði heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd getur falið framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits eða tilteknum heilbrigðisfulltrúum afgreiðslu einstakra mála í tilteknum málaflokkum sem undir heilbrigðisnefnd heyra. | Fellur brott. |
| 5. mgr. 44. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að fela faggiltum skoðunaraðilum tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins með sérstökum samningi. Heilbrigðisnefnd er heimilt að semja við Vinnueftirlitið um hollustuháttaeftirlit með starfsmannabúðum. | Umhverfis- og orkustofnun. 3. málsl. Fellur brott. |

| | | |
|---|---|---|
| 6. mgr. 44. gr. | Heimild til ráðstöfunar við framsal eftirlits og annað sem varðar valdsvið og þvingunarúrræði er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 45. gr. | Heilbrigðisnefnd gerir reglulega áætlanir um reglubundið eftirlit á grundvelli eftirlitsáætlana Umhverfis- og orkustofnunar þar sem m.a. um tíðni vettvangsheimsókna. | Fellur brott |
| 3. mgr. 45. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum og heilbrigðisnefnd hefur samþykkt. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3. mgr. 48. gr. | Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili skrá skýrslu, hvort starfsemi sé í samræmi við lög, reglur og starfsleyfisskilyrði, niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal aðgengileg á vefsvæði heilbrigðisnefndar eftir að rekstraraðili hefur fengið að koma að athugasemdum. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 49. gr. | Heilbrigðisnefnd ber að halda skrá um eftirlitsskylda starfsemi og ákveðin atriði sem tengjast starfsemi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 49. gr. | Heilbrigðisnefnd skal fyrir 1. mars ár hvert skila til Umhverfis- og orkustofnunar yfirliti yfir framkvæmd og niðurstöður eftirlits. | Fellur brott. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 1. mgr. 50. gr. | Telji heilbrigðisnefnd að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða, starfsleyfa eða starfsskilyrða sem um viðkomandi starfsemi gilda skal hún krefja rekstraraðila um úrbætur sem teljast nauðsynlegar og fullnægjandi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 2. mgr. 50. gr. | Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum. | Fellur brott. |
| | | 1. mgr. 50. gr. | Þeir sem starfa samkvæmt reglugerð þessari af hálfu heilbrigðisnefnda eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 2. mgr. 51. gr. | Upplýsingar og tilkynningar heilbrigðisnefnda til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | | Breytingar á viðauka til samræmis við lögin. | |
| 30. | Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma | 1. mgr. 4. gr. | Hlutverk heilbrigðisnefnda er að: a. hafa eftirlit með meðferð og merkingu rafhlaðna og rafgeyma svo og banni við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins, á því formi sem stofnunin óskar eftir. | Fellur brott. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 2. mgr. 4. gr. | Hlutverk Umhverfisstofnunar er: a. að annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar, m.a. að hafa eftirlit með banni við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum á markaði, sbr. 3. mgr. 5. gr. b. að hafa eftirlit með skyldum söluaðila, sbr. 3. mgr. 8. gr. c. að hafa eftirlit með framleiðendum og innflytjendum, sbr. 11. gr., og þeim aðilum sem ekki hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 5. gr. | Umhverfis- og orkustofnun og síðari hluti c-liðar fellur brott. |
| | | 18. gr. A. | Umhverfis- og orkustofnun hefur m.a. eftirlit með d. framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma merki rafhlöður í samræmi við 1. mgr. 11. gr. og 3.-5. mgr. 11. gr. Einnig samkvæmt 2. mgr. 11. gr. hjá þeim aðilum sem ekki hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd og e framfylgja banni skv. 5. gr. hjá þeim aðilum sem ekki hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd. | 2. málsl. D liðar og síðari hluti e liðar falla brott. |
| 31. | Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. | 1. gr. | Slökkviliðsstjóri hefur stjórn á vettvangi í mengunaróhöppum og ber ábyrgð á að heilbrigðiseftirliti sé tilkynnt án tafar um mengunaróhöpp. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 3. gr. | *Eftirlitsaðili:* Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á eða faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. | Orðin "eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á" falla brott. |

| | | |
|---|---|---|
| 1. mgr. 4. gr. | Útgáfa starfsleyfis fyrir rekstri olíumannvirkja er í höndum Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir fara einnig með eftirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. máls. 1. mgr. 4. gr. | Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir fara með eftirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar. | Fellur brott. |
| 2. mgr. 5. gr. | Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með starfsemi sem þær veita starfsleyfi fyrir og annarri starfsemi sem fram kemur að ekki er starfsleyfisskyld. | Fellur brott |
| 5. mgr. 5. gr. | Heilbrigðisnefndum er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag eftirlits á milli eftirlitssvæða. Í slíkum tilvikum hafa heilbrigðisfulltrúar sama rétt til afskipta þar og á eigin svæði. | Fellur brott. |
| 1. mgr. 6. gr. | Tryggt skal að staðsetning og umbúnaður olíumannvirkja á öðrum svæðum er njóta vatnsverndar sé í samræmi við ráðstafanir viðkomandi sveitarstjórna og heilbrigðisnefndar, svo sem í heilbrigðissamþykktum um verndarsvæði vatnsbóla, áður en ákvörðun er tekin um staðsetningu þeirra og umbúnað, sbr. ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. | Náttúruverndarstofnunar |

| | | |
|---|---|---|
| 2. mgr. 6. gr. | Áður en staðsetning olíumannvirkja er ákveðin skal gera greiningu á mengunarhættu í samræmi við upplýsingar um lekt jarðlaga er fylgja greiningu grunnvatnshlota vegna vatnaáætlunar. Niðurstaða greiningar skal send til heilbrigðisnefndar til samþykktar eða synjunar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 6. gr. | Heilbrigðisnefndum er heimilt að takmarka eða banna flutning olíu og olíuúrgangs á vatnsverndarsvæðum. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. tl. flokk B 5. mgr. 6. gr. | Hvað varðar iðnaðar- eða athafnasvæði eða hafnir sem falla undir lið 4 í flokki A þá er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að gera kröfur í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 26. gr. Hafnir skulu að jafnaði flokkast í flokk B óháð lekt jarðlaga. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 5. mgr. 24. gr. | Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skulu einfaldir neðanjarðargeymar úr stáli og án lekavarna þykktarmældir í fyrsta skipti eigi síðar en 1. janúar 2020, samkvæmt áætlun sem eigandi gerir og heilbrigðisnefnd samþykkir. Að öðrum kosti skulu þeir teknir úr notkun. Eftirlit skal haft með leka úr öllum neðanjarðargeymum á mánaðarfresti. Lekaeftirlit skal að jafnaði vera birgðauppgjör. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 28. gr. | Niðurrif allra byggingarleyfisskyldra mannvirkja er háð byggingareftirliti. Niðurrif er einnig háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar og eftirliti heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 2. mgr. 28. gr. | Sé jarðvegur olíumengaður eftir að olíugeymir er tekinn úr notkun, ber að meðhöndla hann á viðunandi hátt að mati heilbrigðisnefndar og á kostnað rekstraraðila. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 40. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, í starfsleyfi fyrir staka olíugeyma að víkja frá einstökum ákvæðum reglugerðar. Heilbrigðisnefnd er aðeins heimilt að víkja frá ákvæðum reglugerðar um bensínstöðvar þegar um er að ræða afskekkta byggð. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 6. mgr. 41. gr. | Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun neyslugeymis og geymslu hans ef hætta er talin á mengun vegna staðsetningar eða lélegs ástands olíugeymisins. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3. mgr. 42. gr. | Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun húsageymis og geymslu hans ef hætta er talin á mengun vegna staðsetningar eða lélegs ástands olíugeymis. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3. mgr. 43. gr. | Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun lausageymis, geymslu hans eða áfyllingu á lausageyminn ef hætta er talin á mengun vegna staðsetningar eða lélegs ástands geymisins. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 43. gr. | Geymsla á olíu í lausageymi er óheimil innan brunn- og grannsvæðis vatnsverndarsvæðis nema í skamman tíma og skal sérstaklega getið um slíkt í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Flutningsaðili olíu skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 1. mgr. 50. gr. | Rekstraraðili olíugeymis skal tilkynna olíugeyminn til heilbrigðisnefndar ef hann er ekki hluti af starfsleyfi viðkomandi fyrirtækis. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 2. mgr. 56. gr. | Dreifingaraðili skal setja fram skipulag á akstri olíuflutningabifreiða um vatnsverndarsvæði, sem hljóta skal samþykki heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 1. mgr. 57. gr. | Dreifingaraðila er óheimilt að setja olíu á neyslugeymi eða lausageymi inn á skilgreindu vatnsverndarsvæði nema fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar fyrir olíugeyminum og áfyllingu á hann. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 58. gr. | Óheimilt er að afgreiða olíu frá olíuflutningabifreið beint á ökutæki. Heilbrigðisnefnd er heimilt í starfsleyfi að veita undanþágu frá þessu ákvæði vegna tímabundins atvinnurekstrar eða einstakrar framkvæmdar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 64. gr. | Heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að innheimta gjald fyrir eftirlit með starfsemi sem þeir hafa eftirlit með. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 32. | Reglugerð um baðstaði í náttúrunni. | 3. gr. | *Háannatímabil:* Skilgreint tímabil yfir árið þegar notkun á baðstað í náttúrunni er hvað mest, skilgreint af rekstraraðila í samráði við heilbrigðisnefnd. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 3. gr. | *Starfsleyfi:* Ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja baðstað í náttúrunni í 1. og 2. flokki að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 4. gr. | Heilbrigðisnefnd flokkar baðstaði á sínu starfssvæði og sendir Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert lista yfir baðstaði sem hafa starfsleyfi. Umhverfisstofnun birtir listann á vef stofnunarinnar þar sem heilbrigðisnefndir og rekstraraðilar geta komið á framfæri upplýsingum um lokanir og hættur í umhverfi baðstaðanna. | Umhverfis- og orkustofnun flokkar baðstaði og útbýr lista yfir baðstaði í 1. og 2. flokki sem hafa starfsleyfi. Orðin "heilbrigðisnefndar og" í 2. málsl. Falla brott. |
| 1. mgr. 5. gr. | Þeir sem hyggjast starfrækja baðstað í náttúrunni skulu sækja um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 5. gr. | Með umsókn um starfsleyfi skulu m.a. Fylgja önnur gögn sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 8. gr. | Gögn um innra eftirlit skulu vera til reiðu þegar heilbrigðiseftirlit fer fram á vegum heilbrigðisnefndar. | við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar |
| 1. mgr. 9. gr. | Heilbrigðisnefnd getur mælst til við ábyrgðaraðila baðstaðar í náttúrunni í 3. flokki að þeir taki saman upplýsingar um baðstaði samkvæmt viðauka II. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 2. mgr. 9. gr. | Heilbrigðisnefnd metur hvort upplýsingar um baðstað samkvæmt viðauka II skuli vera aðgengilegar baðgestum á baðstöðum í 3. flokki og kemur þá þeim tilmælum til ábyrgðaraðila. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 10. gr. | Heilbrigðisnefnd á hverjum stað hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 10. gr. | Heilbrigðisnefnd getur með merkingum varað almenning við notkun baðstaðar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 2. mgr. 11. gr. | Heilbrigðisnefnd metur heilnæmi og gæði baðvatns á baðstað í náttúrunni. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa rekstrar- eða ábyrgðaraðila ef heilnæmi og gæði baðvatns er ófullnægjandi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3.máls. 2. mgr. 11. gr. | Heilbrigðisnefnd skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga og mat á heilnæmi og gæði baðvatns á baðstöðum, sem birtir upplýsingarnar á heimasíðu sinni. | Umhverfis- og orkustofnun skal birta niðurstöður mælinga og mat á heilnæmi og gæði baðvatns á baðstöðum í 1. og 2. flokki á heimasíðu sinni |
| 3. mgr. 11. gr. | Til að tryggja heilnæmi og gæði baðvatns er rekstraraðila eða heilbrigðisnefnd heimilt að takmarka gestafjölda í afþreyingarlaugum hafi gerlafjöldi í baðvatni mælst ítrekað yfir hámarksgildum. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 11. gr. | Þrátt fyrir að óheimilt sé að nota sótthreinsiefni á baðstöðum í náttúrunni getur heilbrigðisnefnd heimilað eða fyrirskipað sótthreinsun á baðstöðum. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 1. mgr. 12. gr. | Heilbrigðisnefnd skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits á baðstöðum í náttúrunni. Heilbrigðisnefnd ákveður sýnatökustaði baðvatns á sínu starfssvæði miðað við aðstæður á hverjum baðstað í náttúrunni. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 2. mgr. 12. gr. | Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja kröfu um ítarlegri og meiri sýnatöku en samkvæmt viðauka I. Sýnataka á baðstað í 1. og 2. flokki skal framkvæmd af aðila sem heilbrigðisnefnd samþykkir og skal vera á kostnað rekstraraðila. Rekstraraðili skal senda heilbrigðisnefnd niðurstöður mælinga. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 4. mgr. 12. gr. | Ekki er gert ráð fyrir sérstökum sýnatökum á baðstöðum í 3. flokki nema heilbrigðisnefnd telji sérstaka ástæðu til. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 33. | Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. | 1. mgr. 2. gr. | *Starfsleyfi:* Ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis sem heimilar tilteknum rekstrar-aðila að starfrækja sund- eða baðstað. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 2. mgr. 4. gr. | Heilbrigðisnefnd getur veitt laugum minni en 3 $m^3$ sem ekki eru reknar í tengslum við sund- og baðstaði undanþágu frá ákvæðum um sjálfvirka klór- og sýrustigsstjórnun. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 3. mgr. 4. gr. | Fyrir laugar sem falla í C flokk er hægt að sækja um heimild til heilbrigðisnefndar um að nota ekki sótthreinsiefni. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 4. mgr. 4. gr. | Sé náttúrulegt sýrustig baðvatns að jafnaði á bilinu 7-8 getur heilbrigðisnefnd heimilað að vikið sé frá ákvæðum um stjórnun sýrustigs. Heimild til undanþágu á einnig við um setlaugar með takmarkaða notkun. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 5. gr. | Sund- og baðstaðir skulu hafa starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 6. gr. | Heilbrigðisnefnd á hverjum stað undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar. | Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerð þessarar |
| 3. mgr. 7. gr. | Í þeim tilvikum þar sem heilbrigðisnefnd hefur heimilað að vikið sé frá stjórnun sýrustigs, sbr. 2. mgr. 4. gr. skal það mælt reglulega, samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 7. gr. | Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili sund- eða baðstaðar láti taka ný sýni til örverumælinga ef örveruástand laugar er í ólagi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 1. mgr. 8. gr. | Heilbrigðisnefnd skal meta leyfilegan hámarksfjölda gesta á eldri sund- og baðstöðum og skrá hann í starfsleyfi. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 6. mgr. 15. gr. | Listi frá leiðbeinendum um þá sem staðist hafa hæfnispróf skv. III. viðauka og starfa á sund- og baðstað, skulu vera starfsmönnum heilbrigðiseftirlits aðgengileg við eftirlit. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 7. mgr. 15. gr. | Rekstraraðila ber að tilkynna heilbrigðiseftirliti um öll alvarleg slys. Haldin skal skrá yfir slys sem verða í eða við laugar og skal hún vera heilbrigðiseftirliti aðgengileg. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 1. mgr. 17. gr. | Heilbrigðisnefnd getur veitt leyfi til að nota aðrar aðferðir eða önnur efni en klór til sótthreinsunar á baðvatni. Heilbrigðisnefnd ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Með umsókn um slík leyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um virkni þeirrar aðferðar eða samsetningu og virkni þess efnis sem sótt er um leyfi fyrir ásamt öðrum eiginleikum þess. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 34. | Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. | 10. mgr. 3. gr. | *Rekstrarhandbók* er handbók sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar um leiksvæðið, leikvallatæki, önnur tæki sem falla undir reglugerð þessa og öryggisundirlag og annan þann búnað sem staðsettur er á leiksvæðinu sem og uppsetningu, rekstur, breytingar, lagfæringar, öryggi og niðurstöður innra eftirlits, utanaðkomandi úttektir og eftirlit heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |
| | | 1. mgr. 5. gr. | Eigendur fjöleignarhúsa bera ábyrgð á rekstri og eftirliti leiksvæða við sín hús. Tilkynna skal leikvallatæki við hús eða á lóð fjöleignarhúsa til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. | Umhverfis- og orkustofnun |

| | | |
|---|---|---|
| 2. mgr. 12. gr. | Forstöðumenn grunn- og leikskóla og rekstraraðilar opinna leiksvæða skulu tilkynna alvarleg slys, svo og slys sem telja má að rekja megi til leikvallatækis, búnaðar eða leiksvæðis, til heilbrigðiseftirlits. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 3. mgr. 13. gr. | Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 5. mgr. 13. gr. | Skoðunaraðili skal senda upplýsingar um aðalskoðun til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd metur tíðni milli aðalskoðunar, sbr. ákvæði 14. gr. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 4. mgr. 14. gr. | Heilbrigðisnefnd metur alvarleika frávika og hvort að það þurfi að fylgja þeim eftir. Leiði aðalskoðun ekki í ljós alvarleg frávik eða rekstraraðili hefur brugðist við frávikum og bætt úr og rekstrarskoðun sinnt er heilbrigðisnefnd heimilt að ákveða lengri tíðni milli aðalskoðana en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. | Umhverfis- og orkustofnun |
| 15. gr. | Umhverfisstofnun skal leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar áður en undanþága er veitt. Heilbrigðisnefnd skal taka mið af veittri undanþágu við gerð starfsleyfis og eftir aðstæðum setja inn sértækar kröfur til að tryggja öryggi. | Umsagnar Vinnueftirlits Ríkisins, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar eða annarra aðila |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 35. | Reglugerð um fráveitur sveitarfélaga. | 3. mgr. 10. gr. | Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið. Sá sem losar í fráveituna leita samþykkis viðkomandi heilbrigðiseftirlits vegna hennar. | Umhverfis- og orkustofnun |
